



ENDURSKOÐUN Á ÞJÓNUSTU ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Mat á stöðu vígðrar þjónustu og tillögur til úrbóta

Kirkjuping mars 2026

Í KIRKJUM LANDSINS ER UNNIÐ STÓRKOSTLEGT STARF

Halldór Halldórsson
Skýrsluhöfundur

Inngangur

Biskup Íslands setti skýrsluhöfundi erindisbréf dags. 25. nóvember 2024 þar sem megininntakið er að leggja mat á skipulag vígðrar þjónustu um allt land og koma með tillögur til úrbóta. Gengið hafði erfiðlega ráða í nokkrar lausar stöður presta.

Úr erindisbréfinu

„Að meta stöðu vígðrar þjónustu um landið og koma með tillögur að bættu skipulagi hennar til biskupafundar. Þetta verði gert út frá mannfjölda, vegalengdum, samgöngum og öðrum þáttum sem gætu skipt máli.

Vinnan er unnin í samráði við biskup Íslands og vígslubiskupa og nýtur aðstoðar starfsfólks Biskupsstofu eftir því sem þörf krefur.

Þá er mikilvægt að nýta aðstoð tengiliða í hverju prófastsdæmi, fulltrúa Prestafélags Íslands og Djáknafélags Íslands.”

Skýrslan

Uppbygging skýrslunnar er þannig að helstu niðurstöður eru taldar upp sem punktar í upphafi. Flestir þessara punkta eru svo útfærðir frekar í texta og tillögu undir ákveðnum köflum. Þannig styður texti og tillögur við punktana.

Sumar niðurstöðurnar standa þó einar og sér og eru þá til íhugunar án beinnar tillögu. Dæmi um það er síðasti punkturinn sem fjallar um kennslu í guðfræði og ábending um aukinn sveigjanleika í fjarnámi sem nær til þeirra sem búa á landsbyggðinni. En það vantar einmitt presta úti á landi.

Þó oft hafi komið upp umræða um laun presta á fundunum er ekki fjallað um það í þessari skýrslu enda er vettvangur fyrir þá umræðu annars staðar.

Helstu niðurstöður

- ❖ Sveigjanleiki er lykilhugtak varðandi breytingar á skipulagi þjónustu kirkjunnar
- ❖ Efla þarf afleysingar innan kirkjunnar til að takast á við nýja tíma varðandi vinnuskyldu og tímabundið álag á ákveðnum svæðum
- ❖ Á flestum stöðum er komið að sársaukamörkum varðandi fækkun presta á landsbyggðinni. Bundnar eru vonir um að þeirri þróun verði snúið við
- ❖ Ef húsnæði eða stuðningur í húsnæðismálum er ekki til staðar úti um landið er erfitt að fá presta þangað
- ❖ Jákvæðni gagnvart sameiningum er meiri þar sem hefur verið sameinað en þar sem það hefur ekki verið gert
- ❖ Innri samþykktir og reglur þurfa að styðja við breytingaferli eins og sameiningar en ekki hamla því
- ❖ Mannfjöldi í sókn eða íbúafjöldi getur ekki verið eina viðmiðið um vinnuskyldu presta
- ❖ Nýting starfsfólks gæti verið meira ef messur væru ekki flestar á sama tíma
- ❖ Víða eru möguleikar í sameiningum prestakalla á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæði
- ❖ Þvingaðar sameiningar hafa takmarkað gildi, horfa þarf til aðstæðna
- ❖ Auka þarf fyrirsjáanleika vegna sameininga og horfa til 2-3 ára varðandi aðlögun og 3-5 ár varðandi það sem eftir stendur af sameiningum.
- ❖ Ljóst þarf að vera hvert markmið er með sameiningum, er það rekstrarhagræðing eða aukið samstarf og sveigjanleiki
- ❖ Húsnæðismálin geta verið í fleiru en einu formi en þurfa að styðja búsetu, sérstaklega í fámennari byggðarlögum þar sem fasteignamarkaður er ekki mjög virkur
- ❖ Víða vilja sóknarnefndir halda í prestbústaði í sveitum en það er ekki búsetuskylda og prestar vilja ráða því hvar þeir búa.
- ❖ Kirkjur eru fleiri en sóknir ráða við og þarf að skoða hvort hægt er að finna þeim ný hlutverk
- ❖ Rekstur hjá smærri sóknum er mjög þungur og margt sem víða þykir sjálfsagt er ekki viðráðanlegt
- ❖ Skoða þarf hlutverk Jöfnunarsjóðs með föstu framlagi til kirkna sem hafa ekkert rekstrarfé
- ❖ Styðja þarf sóknarnefndir sé vilji hjá þeim til að sameina sóknir
- ❖ Umræða hefur verið um nýtt fyrirkomulag í æskulýðsmálum og hefur ánægja með það aukist eftir því sem meiri reynsla hefur fengist. Koma þarf þessu fyrirkomulagi í fast form í öllum landshlutum
- ❖ Aðstöðumunur er mikill eftir sóknum og prestaköllum. Í sumum tilfellum er einungis skrifstofu- og viðtalsaðstaða presta á heimili þeirra
- ❖ Guðfræði er aðeins kennd í Háskóla Íslands. Mögulega er hægt að auka sveigjanleika hvað varðar þessa kennslu, t.d. enn frekara fjarnám sem nær til þeirra sem búa úti á landi og styðja við ráðningar presta þar

Fundirnir og viðtölin

Skýrsluhöfundur lagði mikið upp úr viðtölum og fundum með því fólki sem er dags daglega við störf. Fundað var með prestum, djáknum og eftir atvikum fólki úr sóknarnefndum í öllum prófastdæmum landsins. Í flestum tilfellum var um staðfundi að ræða en í tveimur tilvikum þurfti að nota fjarfundabúnað.

Haldnir voru alls 43 fundir og viðtöl þar sem skýrsluhöfundur hitti rúmlega 500 manns. Með þessu fengust mjög gagnlegar upplýsingar sem eru í ópersónugreinanlegum gagnabanka og það teiknaðist upp ákveðið mynstur í gegnum vinnuna. Við því mátti búast þar sem prestar, annað starfsfólk og sóknarnefndarfólk er víðast hvar að fást við svipaðar áskoranir.

Stórkostlegt starf er unnið í kirkjum landsins. Hluti þess er sýnilegur almenningi en margt er hulið öðrum en þeim sem njóta þjónustunnar sem veitt er af hendi með glöðu geði hvern einasta dag ársins.

Sameiningar prestakalla, fyrirsjáanleiki

Í sameinuðu prestakalli virðist fólk vera sammála um að það sé betra starfsumhverfi og betri þjónusta. Þá sé samstarfið, afleysingar og skipting verkefna einfaldara en áður, jafnvel þó mjög gott samstarf hafi verið fyrir sameiningu. Þau sem eru ekki í sameinuðu prestakalli eru oft ekki sammála því.

Markmið með sameiningu þarf að vera aukið samstarf, meiri sveigjanleiki varðandi afleysingar og að gera prestum auðveldara að sinna sínu starfi og fá samningsbundin frí. Þessi þáttur er sérlega mikilvægur þar sem vegalengdir eru töluverðar.

Í ákveðnum tilvikum kann að vera rekstrarhagræðing vegna þess að mögulegt sé að fækka prestum í sameinuðu prestakalli en víðast á landsbyggðinni er komið að sársaukamörkum varðandi fækkun presta.

Víða eru möguleikar varðandi sameiningar prestakalla á landsbyggð og höfuðborgarsvæði. Í einhverjum tilfellum er hægt að fækka um prest í sameinuðu prestakalli á höfuðborgarsvæði og nýta það sem tilfærslu þar sem meiri mönnunarþörf er til staðar.

Það er mögulegt að sérstaða kirkju komi í veg fyrir vilja til sameiningar en hafa ber í huga að þó einingar sameinist stjórnsýslulega getur hver eining haldið sérstöðu sinni áfram.

Tillaga

Mikilvægt að það sé samþykkt framtíðarsýn varðandi sameiningar til að tryggja fyrirsjáanleika. Það má brjóta það niður í 2-3 ár þar sem vilji er til sameiningar og 3-5 ár eftir aðstæðum á hverjum stað með það að markmiði að einmenningsprestaköll þekkist ekki eftir 5 ár nema mjög sérstakar aðstæður krefjist þess.

Breytingaferli, reglur

Mikilvægt er að innri samþykktir og eftir atvikum aðrar reglur standi ekki í vegi fyrir breytingum sem þarf að gera til að bregðast við þeim þörfum sem þjónusta kirkjunnar stendur frammi fyrir í dag. Þegar 6 prestar sinna sama landssvæði og 14 prestar gerðu áður svo eitt dæmi af mörgum sé tekið er ekki víst og reyndar ólíklegt að gamlar reglur geti gilt um þeirra starfsskyldur.

Viðmið um fjölda í sókn eða íbúafjölda geta ekki alltaf átt við og ekki síst úti á landi þar sem prestum hefur fækkað mjög mikið í tengslum við sameiningar og fækkun íbúa, sérstaklega í sveitum. Horfa þarf meira til þess um hversu stórt svæði er að ræða í vegalengdum. Mannfjöldi í sókn eða íbúafjölda getur ekki verið eina viðmiðið um vinnuskyldu presta.

Tillaga

Endurskoða þarf fjölda athafna í hverri sókn út frá því hversu stórt svæði prestur eða prestar þurfa að sinna. Ekki er alltaf raunhæft að vinnuskyldan sé út frá íbúafjölda eða fjölda í sókninni.

Endurskoða þarf reglur um starf presta sem breytast við sameiningar sókna og einnig reglur sem fækka atkvæðum hjá sameinuðum sóknum. Þetta eru dæmi um reglur sem hamla framþróun og möguleikum á hagræðingu.

Húsnæðismálin

Lykilatriði við að fá fólk til starfa út um landið er að húsnæði eða húsnæðisstuðningur sé til staðar. Einstaklingur sem ekki þekkir til á viðkomandi stað mun mögulega setjast þar að til frambúðar en mögulega ekki. Þess vegna þarf annað hvort að vera húsnæði til staðar eða stuðningur til að leigja eða kaupa. Í samtölunum kom fram sterk von um að tekið yrði á húsnæðismálinum því alltof langt hafi verið gengið í því að selja prestbústaði án þess að koma með lausn í staðinn.

Skortur á búsetuúrræðum úti á landi vinnur hraustlega gegn því markmiði að fá presta á viðkomandi svæði. Þess vegna eru tækifæri fólgin í prestsbústöðum því húsnæði hjálpar til við að laða að fólk.

Tillaga

Flokka þarf svæði eftir því hversu dreifbýl þau eru og þar með hversu virkur fasteignamarkaður er þar. Meginreglan sé að húsnæði sé til staðar þar sem ekki er virkur fasteignamarkaður. Ekki er þörf á stórum einbýlishúsum heldur húsnæði, þess vegna í fjölbýli sem hentar viðkomandi.

1. Í sveitum og minni þorpum sé húsnæði til staðar fyrir prest. Ef svo er ekki þarf að koma til húsnæðisstuðningur til kaupa eða leigu
2. Í stærri bæjum má hugsa sér húsnæðisstuðning sé vilji til að fjárfesta í eign eða leigja

3. Í stærstu bæjum landsins ætti að vera nægilega virkur fasteignamarkaður til að ekki sé áhætta fyrir viðkomandi að fjárfesta í fasteign

Húsnæðisstuðning þarf að útfæra m.t.t. skattamála, jafnræðis og slíkra þátta.

Sóknirnar

Sóknirnar eru grunneiningar í kirkjulegu starfi og rekstri. Sóknarnefndarfólk er í sjálfboðnu starfi til að sinna kirkju og sókn og leggur á sig ómælda vinnu. Störf þeirra eru mikilvæg, þarna er grasrótin sem heldur grunninum gangandi.

Margar sóknir eru verulega fámennar og hafa ekki fjárhagslega getu til viðhalds sinni kirkju eða til rekstrar. Þá eru prestaköll stærri en oft með færri presta eins og dæmið um 6 presta í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastdæmi en 38 sóknir.

Það er fólkið sjálft sem tekur ákvörðun um hvort sameina skuli sóknir. Um það kemur ekki boð að ofan. Grasrótastarfið þarf að vera lifandi.

Hins vegar er víða talað um sameiningar sókna og litið til ágætlega heppnaðra dæma um slíkar sameiningar. Það eru tækifæri til hagræðingar í rekstri ef vel tekst til og vinnuhagræðing fyrir presta sem hefur fækkað verulega á landsbyggðinni. Dæmi að norðan um 6 presta og 38 sóknir sýnir þetta vel.

Vísað er til tillagna undir breytingaferli, reglur varðandi það sem þarf að breyta til að hamla ekki sameiningum sókna sé það val fólksins í viðkomandi sóknum.

Tillaga

Það er töluverð vinna við sameiningar sókna og endurskipulagningu sem því fylgir. Því þarf að koma til stuðningur frá Þjóðkirkjunni í formi starfsmanns sem getur aðstoðað við praktísk úrlausnarefni og einnig fjárhagslegur stuðningur frá Jöfnunarsjóði til að auðvelda sameiningarferlið.

Einnig er lagt til að Jöfnunarsjóður leggi til fast fjárframlag til reksturs kirkna sem eru með öllu órekstrarhæfar sökum þess að sóknin er orðin verulega fámenn eða jafnvel alveg mannlaus. Horft verði á einstaka kirkjur í þessu samhengi með fjárhæð um 100.000 kr. fast á ári til að nefna einhverja tölu. Um er að ræða kirkjur sem hafa engar tekjur lengur eða tekjur undir þessari fjárhæð. Fast framlag komi þó ekki í veg fyrir að hægt sé að sækja um vegna sérstakra aðstæðna eða verkefna.

Reksturinn og kirkjurnar

Stærri söfnuðir eiga margir hverjir einnig í rekstrarerfiðleikum og það er mjög misjafnt eftir söfnuðum hvernig reksturinn gengur. Hlutfall í þjóðkirkjunni er misjafnt eftir sóknum og til eru dæmi um að hlutfallið sé komið niður í 30% í einstaka tilfellum.

Mögulega er hægt að hagræða með sameiningu sókna í þessum tilvikum eins og með smærri sóknir. Það sem fengist út úr því væri mögulega hagræðing varðandi rekstur fasteigna og mögulega einhver meiri samnýting starfsfólks sókna sérstaklega ef messum er dreift víðar yfir daginn.

Stórt og viðkvæmt mál varðandi reksturinn er að kirkjuhúsin sjálf eru of mörg. Til eru dæmi um það á Íslandi að kirkjur hafa verið afhelgaðar og orðið dagmömmuheimili eða gistihús. Yfirleitt eru þetta tilfelli þar sem ný kirkja hefur verið byggð og gamla kirkjan hefur ekki lengur hlutverk vígðs guðshúss. Það er e.t.v. auðvelt að leggja svona til í skýrslu en erfiðara að framkvæma vegna þess að fólki þykir vænt um kirkjuna sína og margir hafa án efa lagt til sjálfböðavinnu og fjármagn til að kirkjan yrði byggð.

Þekktara er í nágrannalöndum okkar dæmi þar sem kirkjur í borgum hafa fengið nýtt hlutverk af þeirri rekstrarástæðu sem hér er tilgreind.

Tillaga

Skoðað verði sérstaklega hvort einhver kirkjuhús geti afhelgast og fengið annað hlutverk. Einnig hvort ástæða er til að einhver kirkja eða kirkjur fái sérverkefnahlutverk.

Sveigjanleiki

Til að auka sveigjanleika í starfinu koma til móts við tímabundið álag má hugsa sér prestar geti færst til vegna afleysinga eða skyndilegs tímabundins aukaálags á milli prestakalla ef þeir komast frá sökum vinnuálags innan síns prestakalls. Til að takast á við þetta eru víða héraðsprestar en í störfum sumra þeirra a.m.k. getur verið erfitt að fara í verkefni utan viðkomandi sóknar og/eða prestakalls.

Mikilvægast er þó að hvort sem starfsheitið er héraðsprestur, farprestur eða afleysingaprestur þá er sóknarfæri í því að efla þennan þátt starfs þjóðkirkjunnar til auka þann sveigjanleika sem nauðsynlegur er til að takast á við nýja tíma. Þó ekki sé annað nefnt en skyndilegt aukið tímabundið álag á einum stað eða veikindi.

Þó ekki sé hægt að alhæfa um afstöðu mismunandi kynslóða þá er samt áberandi að yngra fólk vill fjölbreyttari verkefni, meira samstarf, meiri nánd við samstarfsfélaga. Aukinn sveigjanleiki ætti að stuðla að því.

Bíldudal 23. febrúar 2026
Halldór Halldórsson